

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu- og sorpeyðingargjöld í Húnavatnshreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorpgjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjald) sem innheimt skal með fasteignagjöldum.

Sorphirða fer fram samkvæmt dagatali sorphirðu ár hvert. Árið 2016 er gert ráð fyrir 20 sorphirðudögum. Einnig er móttaka sorps á gámasvæðum.

#### 2. gr.

Gjaldið miðast við stærð og tegund íláta og fjölda tæminga. Hverjum húsráðanda er skylt að nota það ílát sem sveitarstjórn ákveður og hentar magni úrgangs sem til fellur á hverjum stað.

#### 3. gr.

Á hverja íbúð, lögbýli og íbúðarhús greiðist sorphirðugjald sem ræðst af stærð íláta og staðsetningu:

<i>Almennur úrgangur:</i>	<i>240 l</i>	<i>660 l</i>
Sorpgjald:	29.500 kr.	39.000 kr.
Hver aukalosun frá íbúðum, lögbýlum og íbúðarhúsum		kr. 3.800
Hvert auka ílát fyrir almennan úrgang 240 l		kr. 4.300
Sumarhús, íbúð og íbúðarhús þar sem ekki er sorpílát:		
Sorpgjald:		kr. 9.500
Notendur þeirra geta losað sig við sorp á gámasvæðum sveitarfélagsins.		

Sorpgjald fyrirtækja:

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorphirðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu frá þeim.

<i>Sorphirðugjald:</i>	<i>kr.</i>
Flokkur 1	45.000
Flokkur 2	116.500
Flokkur 3	139.000
Flokkur 4	227.000
Flokkur 5	424.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi þeirra.

#### 4. gr.

Að lokinni álagningu skv. 3. gr. hafa greiðendur 30 daga frest til að gera athugasemdir við gjaldtöku Húnavatnshrepps. Athugasemdir skulu vera skriflegar og vel rökstuddar. Sveitarstjórn er heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Húnavatnshrepps 4. nóvember 2015, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra. Gjaldskráin er sett með heimild í 7. gr. samþykktar nr. 56/2008 um sorphirðu í Húnavatnshreppi og skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 30/2015. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

*Húnavatnshreppi, 8. mars 2016.*

**Einar Kristján Jónsson** sveitarstjóri.